

Ályktun um atvinnumál

Haustþing SSV haldið á Hótel Stykkishólmi 5. október 2016 ályktar um atvinnumál:

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta hefur vaxið gríðarlega á Vesturlandi síðustu ár og spáð er enn frekari vexti næstu árin. Mikið vantar á að grunngerð og innviðir séu til staðar eða nógu öflugir til að taka á móti þessu aukna álagi. Sú staða sem komin er upp reynir mjög á þolrif heimamanna sem og þolmörk vegakerfis, heilbrigðisþjónustu, löggæslu, áningarstaða, náttúruperlna o.fl. Auk þess vantar enn skýra stefnumótun, regluverk, stýringu og landvörslu sem tekur mið af þeim fjölda ferðamanna sem nú sækja landið heim.

Haustþing SSV fagnar verkefnum um stefnumótun og skipulag ferðmannastaða sem unnin eru í samstarfi við sveitarfélögin s.s. Landsáætlun og DMP. En ætlast jafnframt til þess að vinnan við þessi verkefni verði samþætt og unnin samhliða til að hámarka nýtingu fjármagns og vinnu. Einnig telur haustþingið brýnt að staðið verði við markmið laga landsáætlunar um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og fjármagn verði tryggt til þess. Jafnframt verði tryggt fjármagn og/eða leiðir skapaðar til að fjármagna uppbyggingu innviða, upplýsingagjöf og vörslu lands og lýðs sem þarf að vera til staðar ef vel á að vera. Auk þess er aðkallandi að skilgreina og efla tekjustofna sveitarfélaga af ferðapjónustu.

Sjávarútvegur

Á Vesturlandi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og stórar útgerðir, fiskvinnslur og fiskmarkaðir sem eru undirstöðuatvinnuvegur þeirra byggða. Auk þess sem nýsköpun og vöruþróun vex og dafnar við hlið öflugss sjávarútvegs.

Nokkur styr hefur lengi verið í þjóðfélaginu um umgjörð sjávarútvegs á Íslandi, sem skapar óvissu og erfiðleika fyrir þá sem starfa í þeirri atvinnugrein. Mikilvægt er því að skapa sátt og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegsins þannig að atvinnuvegurinn geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, greitt sanngjarnt nýtingagjald af auðlindinni og eflst samfélaginu öllu til hagsbóta.

Haustþing SSV beinir því til ráðamanna að skapa sátt um sjávarútveginn, hann byggi á sjálfbærri nýtingu og stuðlað verði að áframhaldandi framþróun og starfsemi öflugss sjávarútvegs í sjávarbyggðum landsins.

Landbúnaður

Vesturland er landbúnaðarhérað sem byggir á hefðbundnum fjölskyldubúskap, litlum og meðalstórum búum og vaxandi áhuga á heimavinnslu og sölu beint frá býli. Þá eru úrvinnslustöðvar í landbúnaði meðal stærstu vinnuveitenda í ákveðnum sveitarfélögum s.s. í Dalabyggð og mikilvægt er að standa vörð um starfsemi þeirra.

Sitt sýnist hverjum um það landbúnaðarkerfi sem við búum við í dag og deilur um það í þjóðfélaginu hafa gert starfsumhverfi landbúnaðarins mjög erfitt. Það er því mjög mikilvægt fyrir landsbyggðirnar að sátt náist um íslenskan landbúnað, þar sem landbúnaður er víða forsenda þess að byggð haldist í sveitum landsins. Landbúnaður og matvælaframleiðsla styður einnig við vöruþróun vegna ferðapjónustu og er byggðafesta fyrir ýmsa byggðakjarna í dreifbýli.

Í búvörulögum, sem nýverið voru samþykkt á Alþingi, segir að eigi síðar en 18. október nk., skuli skipa samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga og skuli endurskoðun lokið eigi síðar en árið 2019.

Þar er gert ráð fyrir umfangsmikilli endurskoðun, þar sem annars vegar er talað um viðbætur við fyrri samninga og hins vegar um nýjan búvörusamning.

Haustþing SSV fagnar því að fyrirhugað er viðtækt samráð um endurskoðun og þróun búvörusamninganna sem ráðist verði í á næstu þremur árum og vonar að sú vinna komi til með að skapa sátt um íslenskan landbúnað og aðgengilegt umhverfi sem stuðlar að gæða matvælaframleiðslu til framtíðar á Íslandi.

Grundartangi

Iðnaðarsvæðið á Grundartanga hefur mikið og vaxandi hlutverk á suðursvæði Vesturlands. Mikilvægt er að unnið verði að því að nýta þau tækifæri í jákvæðum tilgangi sem núverandi og væntanleg starfsemi á Grundartanga gefur til framþróunar á svæðinu, bæði í þjónustu- og þekkingargreinum af öllu tagi.

Haustþing SSV telur mikið fagnaðarefni að nú hefur verið stofnað Þróunarfélag Grundartanga sem hefur það hlutverk m.a. að skapa samstarfsvettvang á milli sveitarfélaga á sunnanverðu Vesturlandi og fyrirtækja á Grundartanga sem og að efla starfsemi á Grundartanga í sátt við umhverfið.

Þekkingarsetur og menntastofnanir

Á Vesturlandi eru tveir háskólar, þrír framhaldsskólar, símenntunarmiðstöð og nokkur þekkingar- og rannsóknarsetur sem eru gríðarlega mikilvægar stoðir í grunngerð samfélagsins. Þessi starfsemi er mjög mikilvæg fyrir svæðið þar sem helstu sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu á næstu árum eru talin verða í þekkingariðnaði.

Haustþing SSV leggur því áherslu á að starfsemi þessara eininga verði eflað og þeim tryggður fjárhagslegur rekstrargrundvöllur, enda hefur starfsemi þessara stofnanna haft jákvæð mælanleg áhrif á þekkingarstig á Vesturlandi.

Svæðiseflingarverkefni

Sveitarfélög eða svæði auk atvinnulífs og félagasamtaka á Vesturlandi hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót svæðiseflandi verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu. Þar má t.d. nefna verkefni eins og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes og Saga jarðvang í Borgarfirði.

Haustþing SSV hvetur stjórnvöld til að styðja við og tryggja fjármagn til að viðhalda slíkum sjálfsprottnum svæðisbundnum verkefnum og nýta þá vinnu sem þar er unnin til stefnumótunar og uppbyggingar.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur stóru hlutverki að gegna varðandi verndun náttúru- og menningarminja auk þekkingarmiðlunar og þjónustu við ferðamenn sem sækja Vesturland heim.

Haustþing SSV lýsir yfir mikilli ánægju með þann áfanga að tekin hefur verið skóflustunga til að marka upphafið að byggingarframkvæmdum við nýja Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi. Traust er lagt á að nú verði ráðist í þær framkvæmdir af fullum krafti og fjármagn verði tryggt til að ljúka þeim fljótt og vel. Þá vill þingið áréttta vilja heimamanna til að taka yfir stjórn Þjóðgarðsins þannig að hann verði rekinn með sama sniði, á sömu forsendum og með sambærilegum fjárhagsstuðningi og Þjóðgarðurinn Vatnajökull.

Ályktun

Opinber þjónusta og málefni sveitarfélaga

Haustþing SSV haldið á Hótel Stykkishólmi 5. október 2016 ályktar um atvinnumál

Opinber þjónusta hefur mikil áhrif á líf fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Sveitarfélögin annast mikilvægan hluta af opinberri þjónustu við íbúa. Að sama skapi er þjónusta ríkisins íbúunum mikilvæg auk þess sem ríkið fjármagnar hluta af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin inna af hendi. Nauðsynlegt er að fjármögnun þess hluta af opinberri þjónustu sem sveitarfélögin bera ábyrgð á sé fjármögnuð á eðlilegan hátt. Kostnaðarmeta þarf frumvörp, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsáskvarðanir ríkisins sem hafa áhrif á verkefni og rekstur sveitarstjórnarstigsins og tryggja að fjármagn fylgi auknum verkefnum sveitarfélaganna. Á undanförunum árum hefur þeim tilvikum einnig fjölgað þar sem ýmis smærri verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að eðlilegt fjármagn hafi fylgt með. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur meðal annars tekið saman yfirlit um þróun þessara mála. Mikilvægt er að þessi atriði séu rædd og til lykta leidd í viðræðum ríkis og sveitarfélaga sem fylgja í kjölfar staðfestingu laga um opinber fjármál.

Sveitarfélög á Vesturlandi ítreka mikilvægi þess að fjármagn fylgi verkefnum. Ríkið er að ýta verkefnum yfir á sveitarfélög án þess að fjármagn fylgi með.

Málefni fatlaðra;

Sveitarfélögin tóku yfir málefni fatlaðra frá ríkinu árið 2011 og árin 2014 og 2015 fór fram endurskoðun á forsendum samnings ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku sveitarfélaga á þessu verkefni. Eftir þá endurskoðun var veitt auknu fjármagni frá ríki til verkefnisins. Þrátt fyrir auknar fjárveitingar eru sveitarfélög víða að borga með þjónustunni, auk þess sem ekki er til staðar grundvöllur til að efla þá þjónustu sem fyrir er. Því er ljóst að ennþá skortir fjármagn til þess að sveitarfélögin á Vesturlandi geti staðið undir þjónustu við fatlaða einstaklinga og uppfyllt lög og reglugerðir um þjónustuna.

Haustþing SSV ítrekar mikilvægi þess að fjárveitingar til verkefna taki mið af þeim kröfum sem settar eru fram í lögum og reglugerðum um þjónustu við fatlaða einstaklinga. Haustþing SSV fagnar því að Alþingi Íslendinga hafi staðfest sáttmála sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra en fer jafnframt fram á að fjármagn fylgi auknum kröfum í málaflokknum.

Þá er afar brýnt að til verði sérstakur tekjustofn sem fjármagnar uppbyggingu á þjónustu og aðstöðu, sbr. búsetuþjónustu við fatlaða einstaklinga.

Heilbrigðisþjónusta og öldrunarmál

Rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila hefur verið afar erfiður á Vesturlandi undanfarin ár og flest þeirra rekin með töluverðu tapi, sem sveitarfélögin hafa í sumum tilfellum þurft að taka á sig. Haustþing SSV fagnar því nýjum rammasamningi ríkis og sveitarfélaga sem er fyrsta skref í samtali ríkis og sveitarfélaga um rekstur og stöðu hjúkrunar og dvalarheimila. Þá leiðir samningurinn til nauðsynlegrar hækkunar á daggjöldum til dvalar- og hjúkrunarheimila, auk þess sem nýr samningur felur í sér að ríkið yfirtekur lífeyrisskuldbindingar sem hvíldu á heimilunum.

Góð heilbrigðisþjónusta er forsenda fyrir búsetu á Vesturlandi. Eftir mikinn niðurskurð frá 2008 hafa stjórnvöld að nýju lagt meira fjármagn til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Hins vegar er mikið verkefni framundan við að efla heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi. Afar mikilvægt er að tryggja rekstrargrundvöll og efla tækjakost sjúkrahúsanna á Akranesi og í Stykkishólmi. Haustþing SSV hvetur til þess að skoðað verði hvernig sjúkrahúsin geti styrkt grundvöll sinn með sérhæfingu og

sérverkefnum. Mikilvægt er einnig að efla starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi þannig að þær geti áfram sinnt starfsemi sinni og tryggð verði viðvera lækna alla daga á heilsugæslustöðvum. Mikilvægt er að heilbrigðisþjónustan geti sinnt stóru auknum fjölda sumarhúsafólks og ferðamanna sem heimsækir Vesturland ár hvert.

Framhalds- og háskólar;

Haustþing SSV 2016 skorar á stjórnvöld að tryggja að menntastofnanir á Vesturlandi hafi nægt fjármagn til að geta sinnt því mikilvæga starfi sem þeim er ætlað. Á Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir sem gegna lykilhlutverki við uppbyggingu búsetu á svæðinu. Í samantekt SSV frá 2015 um þróun opinberra starfa, kemur fram að stöðugildum í menntastofnunum á Vesturlandi hefur fækkað verulega á milli árána 2013 og 2015. Þannig hefur störfum í framhaldsskólunum þremur fækkað um ríflega 20 og svipuð fækkun er innan Landbúnaðarháskóla Íslands. Við svo búið verður ekki unað.

Mikilvægt er að menntastofnanir á Vesturlandi haldi sjálfstæði sínu, en leitað verði leiða til að auka samstarf þeirra á milli til að nýta betur mannauð og opinbert fjármagn. Þá hvetur haustþing SSV til þess að ríkið móti sér heildræna stefnu í uppbyggingu háskólastigsins og vinni það í samstarfi við hagsmunaaðila. Ennfremur að ríkið ráðist í endurskoðun á fyrirkomulagi iðnnáms / starfstengdrar menntunar í landinu með það að leiðarljósi að efla það og gera það eftirsóknarverðara.

Löggæsla

Haustþing SSV vill undirstrika það að fjárveitingar á Vesturlandi til löggæslu eru óviðunandi.

Haustþing SSV 2016 skorar á Alþingi að afskrifa þann halla sem hvílir á embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi frá fyrri tíð, þannig að unnt verði að ráða í þau stöðugildi lögreglumanna sem heimild er fyrir og taka að nýju upp sólarhringsvaktir á Akranesi og í Borgarnesi. Nauðsynlegt er að vera með mannaðar lögreglustöðvar í öllum þéttbýliskjörnum, en nefna má að í Grundarfirði hafa um nokkurt skeið ekki verið starfandi lögregluþjónar og í Dalabyggð er aðeins starfandi einn lögregluþjónn.

Dulin búseta á Vesturlandi vegna fjölda sumarhúsa, háskólanema, mikil fjölgun ferðamanna og uppbygging á Grundartanga, kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Ástand vega og aukning ferðamanna kallar á stóru aukna löggæslu á vegum úti.

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Haustþing SSV hvetur Alþingi til að vinna áfram að því að hækka niðurgreiðslu raforkuverðs til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut til þess að bæta lífskjör íbúa á köldum svæðum.

Sóknaráætlun Vesturlands

Haustþing SSV skorar á Alþingi að hækka fjárveitingar til sóknaráætlana landshluta. Það er nauðsynlegt til þess að sóknaráætlanir standi undir því hlutverki sem þeim er ætlað við að styrkja menningarlíf og menningartengda atvinnustarfsemi styðja við nýsköpun og efla byggð í landshlutunum.